

Opnunartími sundlauganna okkar í sumar

Neslaug: þri-fim 14-22, fös 14-18, lau-sun 10-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2.árg. 7.tbl. ágúst 2022

Frísbíggolf í Árnosi



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-16:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Nú er langt liðið á sumarið. Skrifstofa sveitarfélagsins opnaði mánudaginn 25. júlí eftir 3ja vikna sumarlokun. Sjálfur hef ég nýtt júlí mánuð vel til að komast inní fjölmörg málefni sveitarfélagsins og fundað allvíða. Í ágúst munum við svo hefja vinnu við mörg af þeim málum sem lögð var áhersla á í aðdraganda kosninganna, eins og ný framtíðarsýn Skeiðalaugar, undirbúningur fyrir skólaþing, skipulagsmál í Árnesi, heimasíða sveitarfélagsins og fleiri mál.

Við auglýstum eftir nýjum leikskólastjóra í síðasta mánuði og því miður bárust engar umsóknir um starfið. Í framhaldi af því leituum við til fyrirtækisins Getu. Eigandi Getu er Anna Greta Ólafsdóttir. Hún sérhæfir sig í gæðastarfi í skólum, meðal annars með úttektum og ráðgjöf til sveitarfélaga. Geta er tilbúid að koma að þeim verkefnum sem framundan eru hjá okkur við mótun nýrrar framtíðarsýnar í skólamálu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Samhliða þeim verkefnum mun Anna Greta taka tímabundið við stjórn leikskólans Leikholts næstu sex mánuðina á meðan mesta stefnumótunarvinnan fer fram. Anna Greta hefur viðtæka stjórnunarreynslu sem skólastjóri í bæði fámennum og fjölmennum skólum, aðallega í grunnskólum en einnig í sameinuðum leik- og grunnskóla. Anna Greta hefur einnig starfað sem mannaússtjóri hjá stofnunum ríkisins. Anna Greta er kennari að mennt með MA gráðu í menningarstjórnun. Hún hefur síðastliðið ár starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi á sviði stjórnunar og



Pistill frá Sveitarstjóra

skólamála. Það er mikill fengur fyrir okkur að fá Önnu Gretu í lið með okkur í þeim verkefnum sem eru framundan, að móta framtíðarsýn í menntun barnanna okkar.

Þriðjudaginn 23. ágúst boða ég til fundar um framtíðarsýn Skeiðalaugar. Ég vona að sem flestir mæti. Sjá nánari upplýsingar hér til hægri.

Nýtt deiliskipulag fyrir Brautarholt er á lokametrunum og vonast ég til þess að það verði endanlega staðfest í lok sumars. Á bls. 6 og 7 má sjá hvernig skipulagið lítur út en ný gata, Vallarbraut, mun hafa 19 íbúðir ásamt því að 4 atvinnulóðir koma þar sem gámasvæðið var áður.

Nú hefur ritnefnd Gauksins hafið störf og hafa Lilja Össurardóttir og Helga Jóhanna Úlfarsdóttir unnið að því að safna saman skemmtiefni í Gaukinn. Séu fleiri sem vilja starfa í ritnefndinni, þá taka Lilja og Helga vel á móti þeim sem vilja koma í ritnefndina og hjálpa til við að fylla Gaukinn af skemmtilegu efni.

Fleira er það ekki að sinni,

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson

Ný framtíðarsýn fyrir Skeiðalaug



Priðjudaginn 23. ágúst kl. 20:00 verður haldinn fundur í Skeiðalaug þar sem rætt verður hvernig við viljum sjá Skeiðalaug til framtíðar og hvaða möguleika við höfum til að efla þjónustu í Brautarholti tengt sundlauginni.

Við munum skoða húsnæðið og aðstöðuna sem er til staðar og velta upp ýmsum hugmyndum um hvernig við getum breytt starfsemi.

Ég hvet alla sem hafa áhuga á því að móta hugmyndir um Skeiðalaug til að mæta og taka þátt í því að þróa nýja framtíðarsýn.

Hlakka til að sjá sem flesta,
Haraldur Þór Jónsson

Hestamannafélagið Jökull



Eins og flestir vita sameinuðust hestamannafélögin Logi, Smári og Trausti árið 2021 og var þá starfsstjórn skipuð sem vann ötullega að skipulagningu starfs hins nýja félags. Á fyrsta aðalfundi félagsins, sem haldinn var í mars síðastliðnum, völdu félagsmenn sér nýtt nafn en í forvali voru nöfnin Jökull og Kjölur vinsælust. Jökull bar sigur úr býtum. Á sama fundi var einnig kosin ný stjórn félagsins. Bragi Viðar Gunnarsson var kjörinn formaður, Ólafur Gunnarsson gjaldkeri, Svavar Jón Bjarnason ritari og meðstjórnendur eru Ragnheiður Eggertsdóttir, Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir og Vilborg Hrund Jónsdóttir. Félagsbúningur Jökuls er svartur jakki, hvítar buxur, svört stígvél og blátt bindi.

Hið nýja félag, Jökull, hefur staðið fyrir

námskeiðum bæði fyrir börn og fullorðna, skipulagt félags- og kvennareiðtúr, haldið utan um æskulýðsstarf og staðið fyrir keppnum eins og Firmakeppni. Nú er nýlokið stóra opna Gæðingamótinu sem haldið var á Flúðum 21.-24. júlí. Mótið hefur fest sig vel í sessi síðustu ár og koma knapar með hesta sína víða að. Mótið í ár var með þeim stærri og hófst með forkeppni á fimmtudags eftirmiðdegi og endaði á A úrslitum í öllum flokkum.

Á mótinu hefur nánast alltaf verið gott veður og var sú reyndin í ár. Á hverju ári heyrast kveðjurnar „sjáumst á næsta ári“ sem gleðja skipuleggjendur og starfsfólk en við framkvæmd á slíkum mótum þarf her sjálfboðaliða sem skipuleggja, undirbúa og framkvæma svona stórt og gott mót.

Á gæðingamótinu er keppt í barna- og unglingsflokkum, A og B flokki ungmenna, fullorðinna 1 og 2. Einnig var keppt í tölti og 100 m flugskeiði og pollar sýndu kunnáttu sína. Efstu þrjá keppendur í hverjum flokki gæðingahluta mótsins má sjá hér en allar niðurstöður má finna í appinu LH Kappa.

Niðurstöður gæðingahluta Opna Gæðingamóts Jökuls 21.-24. júlí 2022



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út í lok hvers mánaðar og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til skeidgnup@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson



A flokkur fullorðnir 1

1. Nagli frá Flagbjarnarholti og Sigurbjörn Bárðarson
2. Framtíð frá Forsæti II og Elvar Þormarsson
3. Þórmundur frá Lækjarbrekku 2 og Hlynur Guðmundsson



B flokkur fullorðnir 1

1. Tromma frá Höfn og Hlynur Guðmundsson
2. Hrafn frá Breiðholti í Flóa og Sigurbjörn Bárðarson
3. Hringadróttins saga frá Vesturkoti og Þórarinn Ragnarsson



A flokkur ungmenna

1. Hrappur frá Breiðholti í Flóa og Unnsteinn Reynisson
2. Gyðja frá Tvennu og Grace Laura Strausser
3. Teigur frá Ásatúni og Oddur Carl Arason



Unglingaflokkur

1. Hraunar frá Vorsabæ II og Guðný Dís Jónsdóttir
2. Blær frá Prestbakka og Eik Elvarsdóttir
3. Gutti frá Brautarholti og Sara Dís Snorradóttir

A flokkur fullorðnir 2

1. Glóblesi frá Borgareyrum og Halldóra A. Ómarsdóttir
2. Iða frá Vík í Mýrdal og Brynjar Núi Sighvatsson
3. Jarlhetta frá Torfastöðum og Sveinbjörn Sveinbjörnsson

B flokkur fullorðnir 2

1. Dís frá Bjarnanesi og Snæbjörg Guðmundsdóttir
2. Nótt frá Miklaholti og Bertha María Waagfjörð
3. Gná frá Hólateigi og Vilborg Smáradóttir

B flokkur ungmenna


1. Eldur frá Íbishóli og Rósa Kristín Jóhannesdóttir
2. Míka frá Langabarði og Hanna Regína Einarsdóttir
3. Hrauney frá Flagbjarnarholti og Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir

Barnaflokkur

1. Magni frá Kaldbak og Hákon Þór Kristinsson
2. Kárius frá Strandarhjáleigu og Elmar Elvarsson
3. Amor frá Reykjavík og Kristín Birta Danielsdóttir



Nýtt deiliskipulag í Brautarholti





Komið þið sæl,

Ég var beðin um að koma með uppskrift í Gaukinn, takk fyrir það ☺

Ég ætla skrifa niður uppskrift af Mexikönsku lasagna sem er eitt af því sem ég bý oft til þegar við fáum einhvern í mat til okkar ef ég ætla að elda, annars læt ég minn betri helming sjá um eldamenskuna ☺

Mig langar að nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið og samveruna í gegnum þessi 7 ár sem ég hef unnið í leikskólanum Leikholti. Ég er mjög þakklát fyrir þann tíma sem ég hef unnið þar, ómetanleg reynsla í reynslubankann. Ég óska mínu starfsfólki góðs gengis með nýjum leikskólastjóra og efast ekki um en það gangi vel þar sem í Leikholti er eðal starfsfólk að vinna.

Við fjölskyldan erum mjög ánægð að búa í Brautarholti og erum ekki á förum þrátt fyrir orðróm um það, ég ætla bara ekki að vera Elín Anna leikskólastjóri lengur heldur Elín Anna; nágranni, vinkona, móðir, eiginkona, amma; ég er bara ég ☺

Mexikanskt Lasagna

- Tortillas mjúkar (notað í staðinn fyrir lasagna plötur)
- Rjómaostur
- Salsasósa (styrkleika eftir smekk)
- Ostasósa (best frá Tex Mex í Bónus ☺)
- Rifinn ostur
- Grænmeti af vild (mæli með tómötum, papriku, gúrubitum og sveppi)
- Gular baunir (val)
- Hakk eða kjúklingur (gott að nota bringur og skera niður)
- Doritos snakk (osta eða annað nachos snakk eftir smekk)

Byrja á að smyrja tortillas með rjómaost og fylla það í botninn á eldföstu móti. Hella síðan salsasósu yfir (botnfylli) og smá rifinn ost og grænmetið og gular baunir (val).

Setja síðan aðrar tortillas yfir (með rjómaost) og þá kemur að kjötinu (hakk eða kjúklingur), setja kjötið sem búið er að elda (steikja hakk eða kjúkling og krydda vel með góðu kryddi ☺) og dreifa síðan kjötinu yfir tortillas, taka ostasósu og setja það yfir kjötið (blanda því saman við) og mylja síðan heilan doritos poka yfir allt saman og að lokum dreifa rifnum osti yfir doritos-ið.

Þá er lasangað tilbúið inn í ofn (ca. 200 gráður í 10-15 mín eða þangað til ostur er orðin gulbrúnn ☺), gott að borða með sýrðum rjóma, salsa sósu, guachamole og meiri doritos ☺.

Verði ykkur að góðu, Elín Anna.

Lómurinn



Ljósmynd: Bjarni Össurarson Rafnar

Lómurinn er vatnafugl og þó hann sé algengastur við sjávarsíðuna verpur hann um land allt. Á sumrin er fuglinn gráleitur með dökkrauðan flekk á framhálsi og langröndóttur á afturhálsi en á veturna verður hann hvítari. Hann er straumlínulagaður með langa mjóa vængi og liggja fætur hans það aftarlega á bóknum að hann getur ekki gengið uppréttur. Hann hleypur á vatninu þegar hann hefur sig til flugs og þurfa tjarnirnar að vera rúmlega 10 metra langar til að hann komist á flug. Hann er nokkuð hávær á morgnanna og kvöldin og eru köll paranna áberandi frá vori fram eftir ágúst.



Lómur að hlaupa sig til flugs
Ljósmynd: Bjarni Össurarson Rafnar

Lómurinn er fiskiæta og helsta fæða hans er hornsíli og smásilungur í ferskvatni en sandsíli úr sjó. Fuglinn verpir aðeins einu til tveimur eggjum og algengt er að sjá ungana sitja á bók foreldra sinna þegar þeir synda á vatninu enda er gott að skriða undir væng og hvíla sig.

Lóminum hefur fjölgað mikið í friðlandinu í Flóa og samkvæmt Fuglavefnum (fuglavefur.is) ætti hann mögulega að verpa í sveitarfélaginu okkar. Gaman væri að vita hvort einhver veit um Lómapar eða pör í sveitarfélaginu. Endilega látið okkur vita á netfangið gaukurinn@skeidgnup.is

Heimildir fengnar frá Fuglavefnum (fuglavefurinn.is) og Fuglavernd (fuglavernd.is)



Lómapar á Vestfjörðum
Ljósmynd: Bjarni Össurarson Rafnar

Hvað er á prjónunum !

Sæl verið þið kærur lesendur,
já hvað er ég með á prjónunum ☺
Kannski fljótlega að spyrja mig hvað ég er
EKKI með á prjónunum því ég er ótrúlega
dugleg að fá góðar hugmyndir, drífa mig
að kaupa garn, fitja upp og svo.....
ja veit ekki alveg en ótrúlega margt bíður
betri tíma.

Nýjasta uppfitið er þessi fallega peysa sem
verður vonandi tilbúin fljótlega. Þessa
uppskrift er hægt að skoða og/eða kaupa
á :

<https://www.prjonprjon.com/product-page/helga-d%C3%B6mupeysa>
Endilega kikið á þessa flottu síðu,

með kærri handavinnu kveðju,
Harpa Dís



Kæru sveitungar

Eitt af kosningaloforðum Samvinnulistans
var að endurvekja Gaukinn. Í okkar huga
er þetta blað ómissandi partur af félagslífi
sveitarinnar og blaðið á „að vera með
puttann á púlsinum“. Ástæða þess að
úgáfu var hætt var hár kostnaðar, blaðið
stóð ekki undir sér og var orðin baggi á
sveitafélaginu. Þessu ætlum við að breyta.
Við auglýstum á sínum tíma á íbúasíðunni
eftir áhugasömum „bladamönnum“ en
fengum lítil viðbrögð. Við undirritaðar

tókum því að okkur að koma blaðinu á
koppinn og munum ekki þiggja laun fyrir
það. Það er von okkar að við getum safnað
saman hópi af fólki í ritnefnd, ef margar
hendur koma að verkinu verður þetta ekki
íþyngjandi vinna fyrir neinn. Vonandi
fáum við raddir úr ólíkum áttum sem gefa
okkur innsýn inn í okkar margbreytilega
samfélag. Við hvetjum því áhugasama að
setja sig í samband við okkur og taka þátt í
þessu skemmtilega verkefni.

*Helga Jóhanna, Hraunvöllum
Lilja, Hraunbrún*

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Spurt & svarað



Ég heiti Anna Greta Ólafsdóttir og bý í Laugarási með Bjarna Jóhannessyni og dætrum okkar þrem. Ég hef aðallega starfað sem skólástjóri í grunnskólum og nú síðast í Varmárskóla í Mosfellsbæ sem var þá einn af fjölmennustu grunnskólum landsins. Ég er íþróttakennari í grunninn og hef þjálfað fimleika alltaf í og með síðustu tuttugu ár. Ég vildi segja að áhugamál mín væru útivist og hreyfing en í raun eru þau það ekki nema í góðum félagsskap.

Kannski mætti segja að áhugamál mín væru bara einmitt það að vera í góðum félagsskap og hafa gaman.

Við spurðum Önnu Gretu, nýja leikskólástjórann í Leikholti nokkurra spurninga:

Stjórnumerki: sporðdreki

Hvaðan ertu: ég hef búið á fleiri stöðum en ég hef tölu á, foreldrar mínir eru hafnfirðingar en sjálf segist ég vera mosfellingur sem vill reyndar hvergi annarstaðar búa en í sveitinni.

Hvað óttastu: ég er sjúklega lofthrædd en ég óttast kannski mest af öllu illsku.

Lífspeki: ég á nokkra góða frasa sem ég held mikið upp á. Það er til dæmis „ekkert er með öllu svo illt að það boði ekki eitthvað gott“ annað er á ensku „aim for the moon you might hit a star“.

Kjöt eða fisk: kjöt

Hasar eða drama: drama

Vandræðalegasta augnablikið:

Þegar buxurnar rifnuðu frá streng niður í klof í miðjum hóptíma í Worldclass.

6			1				2	
8		1		9				
	7	5		8	4			
4	3			2		5	6	1
5	1	8	7			4		9
	9	6	4	1		3		
				7				
	6			3	1		5	
7		2	5	4		6		3

6		9	7			8	3	1
			4	8			7	2
8		7			6			
	5	3						4
					8		5	
						3	9	
	6			7				5
1	8	5					6	
			1	5				8

Fella- og fjallgönguverkefnið:

„Upp í sveit“



Sumarið 2022 verða að minnsta kosti 5 póstkassar settir upp í uppsveitunum. Þrjár af gönguleiðunum að póstkössunum eru mjög einfaldar og fjölskylduvænar og síðan eru tvær sem eru aðeins meiri áskorun en samt vel viðráðanlegar.

- Barmaréttir við Laugarvatnsvelli í Bláskógabyggð
- Litla-Borgarholt í Eystri tungu í Bláskógabygg
- Dyrafjöll við Hengilinn, í Grímsnes- og Grafningshrepp
- Miðfellið við Flúðir, í Hrunamannahrepp
- Úlfsvatn á Vörðufelli, gengið frá Framnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hvar eru póstkassarnir?

QR-kóði nr. 1: hlekkur á kort (Google map):



QR kóði nr. 2: hér finnur þú ýtarlegri upplýsingar um öll fellin, ásamt öðrum gönguleiðum í uppsveitunum.

Allt þetta má líka finna á:
<http://www.sveitir.is/heilsueflandi-uppsveitir/fellaverkefni>



Vinsamlegast búið ekki til vörður og takið allt rusl með ykkur ☺

Takið gjarnan mynd af ykkur og merkið á samfélagsmiðlum með

myllumerkið: #uppsveitir

Lifum og njótum ☺

